



Apríl 2020

# HVATARBLAÐIÐ

## Kæru sveitungar

Mikið hefur gengið á í samfélaginu okkar undanfarnar vikur og hefur það vafalaust haft áhrif á okkur öll, á einn eða annan hátt. Því miður er það svo að við megum búast við því að næstu daga og vikur muni einkennast áfram af ákveðinni óvissu og þar með óöryggi.

Ég vil því hvetja ykkur öll til að taka tilmælum almannavarna og sóttvarnalæknis alvarlega og huga að þeim sem standa okkur nærri, ættingjum, vinum og nágrönnum.

Það eru ef til vill ekki allir í þeirri stöðu að hafa einhverja í kringum sig til að aðstoða sig eða tala við. Því vil ég biðja þá sem einhverja aðstoð þurfa eða einhvers vilja spyrja, að setja sig í samband við skrifstofu sveitarfélagsins, annað hvort í síma: 480-5500 eða með tölvupósti á netfangið [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is) þar sem fundin verður leið til að aðstoða fólk.

Einnig vil ég benda á að hægt er að hafa samband við Hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717.

Öll starfsemi sveitarfélagsins hefur á undanförmum dögum riðlast til á einn eða annan hátt. Inn á heimasíðu sveitarfélagsins [www.gogg.is](http://www.gogg.is) er hægt að nálgast nánari upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendur halda reglulega fjarfundi um stöðu mála en aðstæður geta breyst með stuttum fyrirvara og hvet ég ykkur til að fylgjast grannt með heimasíðunni og facebook síðu sveitarfélagsins.

Ég vil nýta tækifærið og þakka stjórnendum og öðru starfsfólki fyrir gott starf og ykkur kæru sveitungar fyrir skilning á breyttu fyrirkomulagi á starfsemi hinna ýmissa stofnanna innan sveitarfélagsins.

Munum að hver dagur sem líður, færir okkur nær endanum á þessu tímabundna ástandi.

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



## 477. fundur 04. mars 2020 kl. 09:00 - 10:30 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Nefndarmenn

Ása Valdís Árnadóttir  
Björn Kristinn Pálmarsson  
Smári Bergmann Kolbeinsson  
Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur  
Bjarni Þorkelsson

Fundargerð ritaði: Steinar Sigurjónsson

### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. febrúar 2020.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. febrúar 2020 liggur frammi á fundinum.*

### 2. Fundargerðir.

#### a) Fundargerð 86. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. febrúar 2020.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### b) Fundargerð 192. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 26. febrúar 2020.

#### Mál nr. 5, 6, 7, 8, 9 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

*Lögð fram 192. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 26. febrúar 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

#### Mál nr. 5: 2002028 - Villingavatn (L170955); fyrirspurn um byggingaráform; sumarbústaður.

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 19. febrúar 2020 er lögð fram umsókn Rúnars Inga Guðjónssonar f.h. Krystian Jerzy Dadowski og Alicja Brygida Sadowska um hvort megi fjarlægja núverandi sumarbústað 46 m<sup>2</sup>, byggingarár 1973 ásamt því að byggja sumarhús á tveimur hæðum, grunnflötur um 90 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni, Villingavatn L170963 í Grímsnes- og Grafningshreppi með nýtingarhlutfalli 0,049. Skráð stærð landeignar er 3.059 m<sup>2</sup>. Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út leyfi fyrir niðurrífi á núverandi húsi og að gefið verði út byggingarleyfi fyrir nýju húsi með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

**Mál nr. 6: 2002044 - Vatnslind Björk; Þrjár tilraunaholur og ein vinnsluhola; Framkvæmdaleyfi.**

Fyrir liggur umsókn Ragnars Guðmundssonar, dags. 14. febrúar 2020 f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps um framkvæmdaleyfi til borunar þriggja skáhallandi tilraunahola og einnar vinnsluholu sem mun verða 7 5/8", í landi Bjarkar 1. Einnig er óskað eftir leyfi til að gera um 25m langt vegstæði ásamt borplani tengt framkvæmdinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að skipulagsfulltrúi UTU gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

**Mál nr. 7: 2002047 - Vaðstígur 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912; Breyting á skilmálum; Deiliskipulagsbreyting..**

Fyrir liggur umsókn Ingibjargar G. Geirsdóttur, dags. 19. febrúar 2020 um óverulega breytingu deiliskipulags frístundasvæðis í landi Kringlu 2 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Tillagan nær yfir skilmálabreytingu deiliskipulagsins. Í tillögunni felst að nýtingarhlutfall er sett 0,03, þakhalli megi vera 0-45 gráður og á hverri lóð megi auk aðalhúss reisa eitt aukahús allt að 40 m<sup>2</sup> og kalt skýli/smáhýsi allt að 15 m<sup>2</sup>.

Sveitarstjórn samþykkir óverulega breytingu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin ástæða til að

grenndarkynna breytinguna þar sem lóðir innan deiliskipulags eru í eigu tengdra aðila sem eru allir samþykkir breytingunni.

**Mál nr. 8: 1909031 - Kringla 4 L227914; Frístundabyggð; Deiliskipulag.**

Fyrir liggur tillaga Más Jóhannssonar og Sveins Yngva Valgeirssonar, dags. 19. nóvember 2019 að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu 4, L 227914 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur til um 22.6 ha svæðis á jörðinni Kringlu 4. Tillagan gerir ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m<sup>2</sup> að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árveg. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu sem frístundasvæði (F52b).

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu.

**Mál nr. 9: 2002051 - Nesjavallavirkjun L170925; Borun uppbótarholu; Framkvæmdaleyfi.**

Fyrir liggur umsókn Heiðu Aðalsteinsdóttur f.h. Orku Náttúrunnar, dags. 19. febrúar 2020 auk greinargerðar með lýsingu um leyfi til að bora vinnsluholu á svæði Nesjavallavirkjunar. Framkvæmdaleyfið tekur til vinnsluholu NJ-32 sem staðsett er á borsvæði núverandi lagersvæðis, nálægt Stangarhálsnámu. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir Nesjavallavirkjun.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að skipulagsfulltrúi UTU gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

**Mál nr. 24: 2002002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 115.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2020.

c) Fundargerð frá fundi Oddvitanevndar UTU, 21. febrúar 2020.

**d) Fundargerð 5. verkfundar um Seyrustaði – vinnsluhús, 12. desember 2019.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**e) Fundargerð 6. verkfundar um Seyrustaði – vinnsluhús, 16. janúar 2020.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**3. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Bílsfelli II veiðihús, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 28. febrúar 2020 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Bílsfelli II veiðihús, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.*

*Ása Valdís Árnadóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

**4. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Goðhólsbraut 11, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 17. febrúar 2020 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Goðhólsbraut 11, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er í skipulagðri frístundabyggð.*

**5. Tölvupóstur frá Sólmundi M. Sigurðarsyni formanni íþróttafélagsins ÍBU þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Sólmundi M. Sigurðarsyni formanni íþróttafélagsins ÍBU, dags. 1. mars 2020 þar óskað er eftir styrk til uppbyggingar á félaginu. Oddvita falið að vinna áfram að málinu.*

**6. Tölvupóstur frá Önnu G. Björnsdóttur sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem**

**kynnt er námsferð fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn til Noregs.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Önnu G. Björnsdóttur sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. febrúar 2020 þar sem kynnt er námsferð fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn til Noregs. Ferðin er dagana 30. ágúst til 2. september 2020 og er yfirskrift námskeiðsins „sameiningar sveitarfélaga“. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.*

**7. Tölvupóstur frá Marínu Rós Eyjólfsdóttur, verkefnisstjóra barnvænni sveitarfélaga þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi er boðin þátttaka í verkefninu „barnvæn sveitarfélög“.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Marínu Rós Eyjólfsdóttur, verkefnisstjóra barnvænni sveitarfélaga, dags. 25. febrúar 2020 þar sem sveitarfélaginu er boðin þátttaka í verkefninu „barnvæn sveitarfélög“. Oddvita falið að vinna áfram að málinu.*

**8. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem óskað er eftir yfirliti um stöðu einstakra verkefna í árslok 2019.**

*Fyrir liggur bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 10. febrúar 2020 þar sem óskað er eftir yfirliti um stöðu einstakra verkefna í árslok 2019. Sveitarstjóra falið að senda nefndinni umbeðnar upplýsingar.*

**9. Tölvupóstur frá stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi með samantekt og hugleiðingum stjórnarinnar á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi, dags. 23. febrúar 2020 með samantekt og hugleiðingum stjórnarinnar á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna. Lagt fram til kynningar.*

**10. Tölvupóstur frá nokkrum félögum í Félagi húsbílaeigenda og 4x4 vegna 22. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá nokkrum félögum í Félagi húsbílaeigenda og 4x4, dags. 18. febrúar 2020 þar sem greint er frá breytingartillögu þeirra á 22. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd. Lagt fram til kynningar.

**11. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps um eignarhald og nýtingu bújarða.**

Fyrir liggur umsögn Guðjóns Bragasonar fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga vegna frumvars til laga um eignarhald og nýtingu bújarða. Umsögnin lögð fram til kynningar.

**12. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar, 311. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

**13. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun, 191. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

**14. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (réttur til einbýlis á öldrunarstofnunum), 323. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

**15. Birt til umsagnar frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns í samræmi við lög um opinber skjalasöfn.**

Lagt fram til kynningar.

**Til kynningar**

- Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 290. stjórnarfundar 18.02 2020.
- SASS. Fundargerð 554. stjórnarfundar 07.02 2020.



**479. fundur 23. mars 2020  
kl. 15:00 - 17:05 Stjórnsýsluhúsið Borg**

Nefndarmenn

Ása Valdís Árnadóttir í fjarfundarbúnaði  
Björn Kristinn Pálmarsson  
Smári Bergmann Kolbeinsson í fjarfundarbúnaði  
Ingibjörg Harðardóttir í fjarfundarbúnaði  
Bjarni Þorkelsson í fjarfundarbúnaði

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

**1. Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með leiðbeiningum vegna fjarfunda hjá sveitarfélögum.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. mars 2020. Þar eru kynntar leiðbeiningar vegna fjarfunda hjá sveitarfélögum. Til að virkja þessar heimildir þarf sveitarstjórn að taka um það sérstaka ákvörðun en slíkar ákvarðanir er heimilt að taka á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að virkja þá heimild að sveitarstjórnarmönnum og nefndarmönnum, bæði aðal- og varamönnum sé heimilt að taka þátt í fundum á vegum sveitarfélagsins í gegnum fjarfundarbúnað. Gildir heimildin til 18. júlí 2020 samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

**2. Sameiginleg viðbragðsáætlun í Uppsveitum Árnessýslu.**

Fyrir liggur viðbragðsáætlun almannavarna vegna influensu eða annarra alvarlegra sjúkdóma. Áætlunin er sameiginleg með uppsveitum, þ.e. Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi, sóttvarnarlækni, ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðbragðsáætlun.

Fundarhlé: gert var fundarhlé kl. 15:25 þar sem sveitarstjóri þurfti að fara fund almannavarnarnefndar.  
Fundur hófst aftur kl. 16:15

### 3. Covid-19

Farið var yfir stöðu mála varðandi Covid-19 og lagðar fram viðbragðsáætlanir fyrir innra starf og þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Stjórnendur munu halda reglulega fjarfundi um stöðu mála. Komi til útbreiðslu smita á svæðinu eða þess að starfsfólk lendi í sóttkví, getur áætlunum verið breytt með skömmum fyrirvara. Mikil áhersla hefur verið lögð á að skipta starfsmönnum og nemendum upp í hópa, sem eru ekki í snertingu við hvern annan.

#### **Skrifstofa sveitarfélagsins:**

Vegna ráðstafana til að verjast Covid-19 kórónaveirunni hefur skrifstofa sveitarfélagsins verið lokað tímabundið frá og með mánudeginum 16. mars og verður engum utanaðkomandi hleypt þangað inn. Unnt verður að ná sambandi við starfsmenn á hefðbundnum skrifstofutíma, 09:00 -15:00 í gegnum síma: 480-5500 og/eða með tölvupósti á [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is).

#### **Kerhólsskóli:**

Búið er að skipuleggja skólastarfið fram að páskafríi. Skólastjórnendur og starfsmenn gera sitt besta til að fara eftir því sem þeim er uppálagt af yfirvöldum v. COVID-19 veirunnar. Allir nemendur bæði í grunnskóladeild og leikskóladeild koma annan hvern dag í skólann og eru því tvo daga aðra vikuna en þrjá daga hina vikuna. Farið er út í hreyfingu með alla bekki á hverjum degi. Foreldrar eru beðnir um að halda börnum heima sem eru með einhver flensueinkenni, meðan þetta ástand varir. Frístund: Nemendur sem eru í frístund geta verið þar þá daga sem þeir mæta í skólann og er hún opin frá því að skóla líkur þessa daga

#### **Mötuneyti Kerhólsskóla:**

Vegna aðstæðna í samfélaginu (kórónaveiru COVID-19) hefur verið ákveðið að loka mötuneyti Kerhólsskóla fyrir alla aðra en nemendur og starfsmenn grunn- og leikskóla. Þessi lokun var frá og með mánudeginum 16. mars. Þessi leið er farin til að draga úr smíti, einkum hvað varðar viðkvæma hópa í samfélaginu.

#### **Íþróttamiðstöðin Borg:**

Sundlaugin, íþróttahúsið og líkamsræktin verða lokað meðan á samkomubanni stendur (16. mars til og með 12. apríl). Tíminn verður nýttur í allsherjarþríf, tiltekt og sóttþreinsun á öllum rýmum.

#### **Félagsheimilið Borg:**

Félagsheimilið Borg hefur verið lokað fyrir útleigu frá og með 16. mars til og með 1. maí 2020.

#### **Áhaldahús:**

Verið er að vinna hefðbundin verk en starfsmönnum hefur verið skipt upp.

#### **Gámasvæðið Seyðishólum:**

Gámasvæðið er opið en starfsmenn aðstoða ekki notendur og halda fjarlægð. Mögulega þarf að minnka þjónustu og breyta opunartíma og verður það þá kynnt vel.

Heimili og sumarbústaðir í sóttkví eða einangrun - frágangur á sorpi til að hindra smit á COVID 19 veirunni.

Gott væri að heimili og sumarbústaðir sem eru í sóttkví eða einangrun vegna COVID 19 veirunnar, gangi vandlega frá öllu sorpi og úrgangi til þess að hindra frekari smit. Allur úrgangur sem berst frá þessum heimilum ætti að flokkast sem almennt sorp, ekki að meðhöndlast né flokkast sem endurvinnsluefni. Þetta er gert af heilsufarsástæðum því sorpið getur mögulega verið sóttmengað. Endurvinnsluefni (pappír, plast, málmar) er meðhöndlað af starfsmönnum okkar þjónustuaðila eftir að það er sótt, og því viljum við forðast möguleg smit og gæta fyllstu varúðarráðstafanna. Því biðlum við til allra þeirra sem eru í sóttkví eða einangrun að setja allt endurvinnsluefni beint í tunnur fyrir óflokkað sorp. Gerum allt til þess að hefta útbreiðslu veirunnar. Öll heimili í sóttkví eða einangrun athugið: Allur úrgangur í óflokkað sorp.

#### **Velferðarmál:**

Almennt gildir að áhersla er lögð á samskipti í gegnum síma. Ekki er hægt að koma í viðtal á skrifstofum meðan þetta ástand varir.

Velferðarþjónusta uppsveita s. 480-1180

Eldri borgarar - Margir eiga góða að sem sinna þeim með brýnustu nauðsynjar eins og að fara í verslun eða hvað annað sem þarf að sinna. En það eru kannski ekki allir í þeirri stöðu og þess vegna biður sveitarstjórn þá sem einhverja aðstoð þurfa að setja sig í samband við skrifstofu sveitarfélagsins eða velferðarþjónustu uppsveita.

Barnavernd -Tilkynningum um barnavernd skal beina á netfangið [barnavernd@arnesthing.is](mailto:barnavernd@arnesthing.is) eða í síma 480-1180. Utan hefðbundins dagvinnutíma er hringt í síma 112 ef tilkynning er þess eðlis að bregðast þurfi við henni tafarlaust.  
Heimþjónusta – síma 480-1180. Netfang [sigrun@laugaras.is](mailto:sigrun@laugaras.is)  
Fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur – vinsamlega hringið í 483-4000 eða sendið tölvupóst á netfangið [sigurjon@arnesthing.is](mailto:sigurjon@arnesthing.is)  
Málefni fatlaðs fólks - áhersla er lögð á samskipti í gegnum síma eða tölvupóst. Sími 483-4000, Netfang [arna@arnesthing.is](mailto:arna@arnesthing.is)

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að dagvistunargjöld leikskóladeildar og gjöld vegna frístundaheimilis verði felld niður í mars og apríl.

## Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar  
 Seyðishólum frá 1. október til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS  
 ALLAN SÓLARHRINGINN**



Styrktarreikningur sveitarinnar er  
 0586-26-456 kt. 490487-1319



## COVID-19 UPPLÝSINGAR Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Farið er reglulega yfir stöðu mála varðandi Covid-19 og lagðar fram viðbragðsáætlanir fyrir innra starf og þjónustu á vegum sveitarfélagsins.

Stjórnendur munu halda reglulega fjarfundi um stöðu mála. Komi til útbreiðslu smita á svæðinu eða þess að starfsfólk lendi í sóttkví, getur áætlunum verið breytt með skömmum fyrirvara. Mikil áhersla hefur verið lögð á að skipta starfsmönnum og nemendum upp í hópa, sem eru ekki í snertingu við hvern annan.

### Skrifstofa sveitarfélagsins:

Vegna ráðstafana til að verjast Covid-19 kórónaveirunni hefur skrifstofa sveitarfélagsins verið lokað tímabundið frá og með mánudeginum 16. mars og verður engum utanaðkomandi hleypt þangað inn. Unnt verður að ná sambandi við starfsmenn á hefðbundnum skrifstofutíma, 09:00 -15:00 í gegnum síma: 480-5500 og/eða með tölvupósti á [goga@goga.is](mailto:goga@goga.is).

### Kerhólsskóli:

Búið er að skipuleggja skólastarfið fram að páskafríi. Skólastjórnendur og starfsmenn gera sitt besta til að fara eftir því sem þeim er uppálagt af yfirvöldum v. COVID-19 veirunnar. Allir nemendur bæði í grunnskóladeild og leikskóladeild koma annan hvern dag í skólann og eru því tvo daga aðra vikuna en þrjá daga hina vikuna. Farið er út í hreyfingu með alla bekki á hverjum degi. Foreldrar eru beðnir um að halda börnum heima sem eru með einhver flensueinkenni, meðan þetta ástand varir. Frístund: Nemendur sem eru í frístund geta verið þar þá daga sem þeir mæta í skólann og er hún opin frá því að skóla líkur þessa daga

### Mötuneyti Kerhólsskóla:

Vegna aðstæðna í samfélaginu (kórónaveiru COVID-19) hefur

verið ákveðið að loka mötuneyti Kerhólsskóla fyrir alla aðra en nemendur og starfsmenn grunn- og leikskóla. Þessi lokun var frá og með mánudeginum 16. mars. Þessi leið er farin til að draga úr smiti, einkum hvað varðar viðkvæma hópa í samfélaginu.

#### **Íþróttamiðstöðin Borg:**

Sundlaugin, íþróttahúsið og líkamsræktin verða lokað meðan á samkomubanni stendur (16. mars til og með 12. apríl). Tíminn verður nýttur í allsherjarþríf, tiltekt og sóttþreinsun á öllum rýmum.

#### **Félagsheimilið Borg:**

Félagsheimilið Borg hefur verið lokað fyrir útleigu frá og með 16. mars til og með 1. maí 2020.

#### **Áhaldahús:**

Verið er að vinna hefðbundin verk en starfsmönnum hefur verið skipt upp.

#### **Gámasvæðið Seyðishólum:**

Gámasvæðið er opið en starfsmenn aðstoða ekki notendur og halda fjarlægð. Mögulega þarf að minnka þjónustu og breyta opnunartíma og verður það þá kynnt vel.

Heimili og sumarbústaðir í sóttkví eða einangrun - frágangur á sorpi til að hindra smit á COVID 19 veirunni.

Gott væri að heimili og sumarbústaðir sem eru í sóttkví eða einangrun vegna COVID 19 veirunnar, gangi vandlega frá öllu sorpi og úrgangi til þess að hindra frekari smit. Allur úrgangur sem berst frá þessum heimilum ætti að flokkast sem almennt sorp, ekki að meðhöndlast né flokkast sem endurvinnsluefni. Þetta er gert af heilsufarsástæðum því sorpið getur mögulega verið sóttmengað. Endurvinnsluefni (pappír, plast, málmur) er meðhöndlað af starfsmönnum okkar þjónustuaðila eftir að það er sótt, og því viljum við forðast möguleg smit og gæta fyllstu varúðarráðstafanna.

Því biðlum við til allra þeirra sem eru í sóttkví eða einangrun að setja allt endurvinnsluefni beint í tunnur fyrir óflokkað sorp.

Gerum allt til þess að hefta útbreiðslu veirunnar.

Öll heimili í sóttkví eða einangrun athugið: Allur úrgangur í óflokkað sorp.

#### **Velferðarmál:**

Almennt gildir að áhersla er lögð á samskipti í gegnum síma. Ekki er hægt að koma í viðtal á skrifstofum meðan þetta ástand varir.

**Velferðarþjónusta uppsveita** s. 480-1180

**Eldri borgarar** - Margir eiga góða að sem sinna þeim með brýnustu nauðsynjar eins og að fara í verslun eða hvað annað sem þarf að sinna. En það eru kannski ekki allir í þeirri stöðu og þess vegna biður sveitarstjórn þá sem einhverja aðstoð þurfa að setja sig í samband við skrifstofu sveitarfélagsins eða velferðarþjónustu uppsveita.

**Barnavernd** -Tilkynningum um barnavernd skal beina á netfangið [barnavernd@arnesthing.is](mailto:barnavernd@arnesthing.is) eða í síma 480-1180.

Utan hefðbundins dagvinnutíma er hringt í síma 112 ef tilkynning er þess eðlis að bregðast þurfi við henni tafarlaust.

**Heimabjónusta** – síma 480-1180.

Netfang [sigrun@laugaras.is](mailto:sigrun@laugaras.is)

**Fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur** – vinsamlega

hringið í 483-4000 eða sendið tölvupóst á

netfangið [sigurjon@arnesthing.is](mailto:sigurjon@arnesthing.is)

**Málefni fatlaðs fólks** - áhersla er lögð á samskipti í gegnum síma eða tölvupóst. Sími 483-4000,

Netfang [arna@arnesthing.is](mailto:arna@arnesthing.is)



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

## Sumarhúsafólk

# Reglur um sóttkví gilda líka í sveitinni

Að gefnu tilefni vekja lögreglustjórnir á Suðurlandi og almannavarnarnefndir á Suðurlandi athygli á því að reglur um sóttkví gilda líka um þá sem kjósa að dvelja í sumarhúsi á meðan á sóttkví stendur.

- Einstaklingar í sóttkví mega ekki fara út fyrir sumarhúsið nema brýna nauðsyn beri til.
- Einstaklingar í sóttkví mega ekki fara sjálfir eftir aðföngum, þ. á m. í matvöruverslun.
- Einstaklingar í sóttkví mega ekki fara sjálfir með sorp á móttökustöðvar sveitarfélaga.
- Einstaklingar í sóttkví mega þó fara í göngutúra eða bíltúra, en gæta þarf að því að halda reglur um fjarlægð frá öðrum.

Njótum þess að vera í sveitinni en fylgjum reglum og vinnum saman að því að koma í veg fyrir smit.

Sjá nánar á [www.covid.is](http://www.covid.is). Athygli er vakin á því að brot á reglum um sóttkví varða við lög.

*Lögreglustjórnir á Suðurlandi, Kjartan Þorkelsson*

Formenn almannavarnarnefnda á Suðurlandi:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Stefánsdóttir og Matthildur Ásmundardóttir



# Unglingavinna 2020



## Auglýst er eftir unglingum

14 til 16 ára (8.–10. bekkur) í vinnuskóla sveitarfélagsins frá 8. júní til og með 17. júlí 2020

Tekið er á móti skráningu á í síma 480-5500 eða í tölvupósti á netfangið [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is) til 30. apríl n.k.

Sveitarstjóri



ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR ?



Grímsnes- og Grafningshreppur  
auglýsir eftir sumarstarfsmanni

Starfið felst í:

- Umsjón með unglíngavinnu,
- Aðstoð í Áhaldahúsi
- Og ýmsu tilfallandi

**VIÐKOMANDI ÞARF  
AÐ HAFNA BÍLPRÓF**

**Umsóknarfrestur er til  
30. apríl n.k.**

**Nánari upplýsingar í  
síma: 4805500**

**Umsóknum skal skilað  
með tölvupósti á  
netfangið:**

**gogg@gogg.is**



## Ísold Assa úr Kerhólsskóla varð í öðru sæti í Stóru upplestrarkeppninni.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Árnespingi 2020 var haldin í Árnesi þriðjudaginn 3. mars en gestgjafi keppninnar í ár var Þjórsárskóli. Keppnin er samstarfsverkefni Radda, sem eru samtök um vandaðan upplestur og framsögn og Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings. Tveir keppendur kepptu frá sex skólum eða tólf nemendur. Skólarnir eru; Bláskógaskóli Laugarvatni, Bláskógaskóli Reykholti, Flóaskóli, Flúðaskóli, Kerhólsskóli og Þjórsárskóli.

Ísold Assa Guðmundsdóttir, nemandi í 7. bekk Kerhólsskóla stóð sig frábærlega en hún endaði í öðru sæti. Matthías Fossberg Matthíasson, keppti líka fyrir hönd skólans og stóð sig mjög vel.

Úrslit keppninnar urðu annars þannig að í fyrsta sæti varð Eyrún Huld Ingvarsdóttir frá Þjórsárskóla, Ísold Assa varð í öðru sæti og Júlía Kolka Martinsdóttir frá Flóaskóla varð í þriðja sæti. Keppendur fengu allir bókagjöf og viðurkenningu fyrir þátttöku. Sigurvegarar hlutu einnig peningagjöf.

Í dómnefnd sátu; Jón Hjartarson fyrir hönd Radda, Hlíf Sigríður Arndal, fyrrverandi forstöðumaður Bókasafnsins í Hveragerði og kennari og Jón Özur Snorrason íslenskukennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Skáld keppninnar í ár voru Birkir Blær Ingólfsson og Jón Jónsson úr Vör. Keppendur lásu úr verkum þeirra og að auki ljóð að eigin vali.

Tónlistaratriði á hátíðinni voru frá Tónlistarskóla Árnesinga.



**Mynd:** Ísold Assa og Matthías Fossberg, ásamt Helgu Haraldsdóttur kennara sínum.  
Myndina tók Alice Petersen, sem er líka kennari krakkanna.



RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR  
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS

## Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og

13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00



**Sími stöðvarinnar er 432 2770**

**Aðalnúmer HSU er 432 2000**

**Sími Neyðarlínu er 112**

Jarðvinnuverktakar

# FEDGAVERK

JÓHANNES & GUBMUNDUR  
GSM: 848-1123 & 868-4115

### Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur

Email: [verktaki89@gmail.com](mailto:verktaki89@gmail.com)

Facebook: Jarðvinnuverktaki





Verslunin BORG

Grímsnes- og Grafningshreppi

Kæru vinir.

Í ástandi sem á sér enga hliðstæðu viljum við gera hvað við getum til að mæta þörfum þeirra sem þurfa á aðstoð að halda.

Því viljum við bjóða upp á að fólk sem kýs og þarf að halda sig frá almenningsstöðum að hringja í okkur og panta vörur sem svo hægt er að sækja utan við verslunina á meðan hún er opin, þá er hægt að gera símgreiðslu eða milifærslu.

Endilega hringið tímanlega svo við getum myndast við að eiga flest það sem ykkur kann að vanta.

Við minnum á að síminn hjá okkur er **869-7509**

Einnig er frábært að senda okkur skilaboð og þá lista á facebook eða í sms.

**OPIÐ ALLA DAGA**

**09:00—18:00**

Verum góð við hvert  
annað og munum að  
við erum öll  
almannavarnir :)



**ÁRTANGI**

669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



Verið hjartanlega velkomin.

## Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –  
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

[siggi@landlogmenn.is](mailto:siggi@landlogmenn.is)

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

[sverrir@landlogmenn.is](mailto:sverrir@landlogmenn.is)

**Land** Austurvegi 6  
LÖGMENN



## Grímsnes og Grafningshreppur

### Íþróttamiðstöðin Borg

#### Starfsfólk óskast til starfa í sumar við Íþróttamiðstöðina Borg.

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með íþróttahúsi og þreksal.
- Afgreiðsla – þjónusta við gesti.
- Almenn þrif.

#### Hæfniskröfur:

- Hafi þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum.
- Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og þurfa að standast námskeið í skyndihjálpi og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns


Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið [rut@gogg.is](mailto:rut@gogg.is)

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2020**


**Nánari upplýsingar gefur  
Rut Guðmundsdóttir í síma 899-8841.**

## Sumarhúsum fjölgað mest í Grímsnes og Grafningshreppi og Bláskógabyggð

Nýlega gaf Byggðastofnun út skýrslu fyrir Suðurland, sem heitir „Stöðugreining 2019“ en þar er leitast við að lýsa stöðu helstu þátta landshlutans, sem lúta að lífsgæðum og aðstæðum til búsetu. Í skýrslunni kemur margvíslegt fram og skemmtilegar staðreyndir. Á svæðinu bjuggu t.d. tæplega 30.000 manns þann 1. janúar 2019 sem skiptast niður á fimmtán sveitarfélög. Um 60% íbúanna búa í Árnassýslu, í Vestmannaeyjum eru um 14% íbúanna, 13% í Rangárvallasýslu og 12% í Skaftafellssýslum. Á Suðurlandi fjölgaði um 6.770 íbúa frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2019 eða um tæp 30%. Fjölgun varð í öllum sveitarfélögum landshlutans nema í Vestmannaeyjum, Sveitarfélaginu Hornafirði og Skaftárhreppi. Mest fjölgun varð á vesturhluta svæðisins. Í Sveitarfélaginu Árborg var fjölgunin u.þ.b. 4.000 manns, í Hveragerði fjölgaði um 960 manns og í Sveitarfélaginu Ölfusi um 627 einstaklinga.



Á þessu kökuriti má sjá hvernig sunnlendingar skiptast eftir búsetu í landshlutunum.



Í skýrslunni kemur fram að sumarið 2015 hefur fjölgað mikið á undanföllum árum en sú fjölgun að mestu bundin við tvö sveitarfélög; Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð.



## Gunnar Þorgeirsson er nýr formaður Bændasamtaka Íslands.

Nýr formaður Bændasamtaka Íslands, Gunnar Þorgeirsson er búsettur í Grímsnes og Grafningshreppi þar sem hann er garðyrkjubóndi á Ártanga. Gunnar hlaut kosningu, sem formaður á búnaðarþingi nýlega en hann fékk 29 atkvæði á móti 21 einu atkvæði til sitjandi formanns, Guðrúnu S. Tryggvadóttur. Fjórir nýir stjórnarmenn koma inn í stjórn samtakanna, auk Gunnars. Gunnar hefur mikla reynslu af félagsmálum, sat lengi í sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps, m.a. sem oddviti. Þá var hann formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um tíma og hefur setið í stjórn Sambands garðyrkjubænda og er þar formaður svo eitthvað sé nefnt. Bændasamtök Íslands eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði.

Mynd: Gunnar Þorgeirsson, nýr formaður Bændasamtaka Íslands, sem er búsettur á Ártanga í Grímsnes og Grafningshreppi. Ljósmynd/Magnús Hlynur Hreiðarsson.



## Seyruverkefni sex sveitarfélaga á Suðurlandi

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Ásahreppur eru með samstarfsverkefni, sem gengur undir heitinu „Seyruverkefnið“. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar

og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögunum.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri seyruverkefnisins en hún er frá Spóastöðum í Bláskógabyggð. Helstu verkefni Áslaugar Öldu verða að halda utan um verkefnið í heild sinni, koma upplýsingum til fasteignaeigenda ef illa gengur að losa rotþróna hjá viðkomandi, taka við ábendingum og öllu því sem betur má fara í tengslum við tæmingu, sinna fræðslu og koma almennum og sértækum upplýsingum til eigenda rotþróa. Þá er hluti starfsins að sjá um skráningu í gagnagrunn enda er mikilvægt að allar upplýsingar séu tiltækar þegar á þarf að halda svo þjónustan verði góð og hnökralaus. „Nýja starfið leggst mjög vel í mig og er mín helsta starfstöð á Borg í Grímsnesi þar sem tekið hefur verið mjög vel á móti mér og líður mér strax mjög vel þar. Ég mun samt koma til með að vera á flakkinu og er nú þegar búin að fara og heimsækja allar skrifstofur sveitarfélaganna, sem eru í verkefninu“, segir Áslaug Alda.

MHH

Mynd: Áslaug Alda, sem stýrir seyruverkefninu, en tilgangur verkefnisins er að standa sameiginlega að söfnun og meðhöndlun á seyru, sem er síðan notuð til uppgræðslu á hálendinu. Hún býr á Spóastöðum með sambýlismanni sínum, Ingva Rafni Óskarssyni og sonum þeirra, þeim Aroni Gauta og Elvari Andra,

# Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

19. ágúst 2019 - 23. maí 2020

Þriggja - fimmtudaga	kl. 14 - 22
Laugardaga	Lokað
Sunnudaga	kl. 10 - 18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínúturnar.

Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)

Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: [linda@gogg.is](mailto:linda@gogg.is) eða [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)